



## Lokaverkefni til BS-prófs í viðskiptafræði

**Afleiður, áhætta og áhættuvarnir**  
Áhrif innleiðingu hlutans um áhættuvarnarreikningskil í IFRS 9

**Lena Katarína Lobers**

Ásgeir B. Torfason lektor

Júní 2016



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

---

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

**Afleiður, áhætta og áhættuvarnir**  
***Áhrif innleiðingu hlutans um áhættuvarnarreikningskil úr IFRS 9***

Lena Katarína Lobers

Lokaverkefni til BS-prófs í viðskiptafræði

Leiðbeinandi: Ásgeir B. Torfason lektor

Viðskiptafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2016

Afleiður, áhætta og áhættuvarnir.

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaverkefni til BS-prófs við  
Viðskiptafræðideild, Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands.

© 2016 Lena Katarína Lobers

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2016

## Formáli

Þetta verkefni er 6 eininga lokaritgerð til B.Sc. gráðu í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi var Ásgeir B. Torfason lektor. Sérstakar þakkir fær Þorsteinn Gísli Þorsteinsson fyrir yfirferð og prófarkalestur, leiðbeinandi minn Ásgeir B. Torfason fyrir góð ráð og móðir mín fyrir að halda mér við efnið, ekki einungis í gegnum skrifin á þessari ritgerð, heldur líka í gegnum allt námið. Þá vil ég þakka foreldrum mínum og systur fyrir þann stuðning sem þau hafa veitt mér.

## Útdráttur

Árið 2008 skall á mikið efnahagshrun í sögu lýðveldisins. Ein af ástæðum þessarar holskeflu er talin vera afleiður. Þær eru verðbréf sem eru háð annarri eign eða eignum um verð sitt. Afleiður skiptast í framvirka og framtíðar samninga, valréttarsamninga og skiptisamninga. Framvirkir og framtíðar samningar eru fjármálagerningar þar sem tveir aðilar gera samning um að annar þeirra selji hinum eign í framtíðinni á fyrirfram ákveðnu verði og tíma. Valréttarsamningar eru samningar sem gefa aðila rétt til að kaupa eða selja eign á fyrirfram ákveðnu verði og tíma. Skiptisamningar eru samningar um að aðilar skipti á ákveðnum eignum á fyrirfram ákveðnu verði og tíma.

Hægt er að nota afleiðuviðskipti til að verja eignir gegn óhagstæðum breytingum í virði þeirra. Þetta er kallað áhættuvörn. Áhættuvarnir líta gjarnan illa út í reikningsskilum fyrirtækja. Ef þær eru skilvirkar eru þær einar og sér mjög áhættusamar. Hægt er að skrá þær í áhættuvarnarreikningsskil til að sýna áhrif þeirra á eignina sem þeim er gert að verja.

IFRS 9 er nýr alþjólegur reikningsskilastaðall sem gefinn er út af alþjólega reikningsskilaráðinu (e. IASB). Þessi staðall kemur í stað ISA 39 og á að koma í veg fyrir að önnur eins kreppa skelli aftur á. IFRS 9 skiptist í þrjá hluta; flokkun og mat, virðisrýrnun og áhættuvarnarreikningsskil. Flokkun og mat hluti staðalsins hefur engar umtalsverðar breytingar en virðisrýrnunarhluti nýja staðalsins einblínir á að flýta fyrir viðurkenningu virðisrýrnunar eigna og skulda. Þó að það sé mikilvægur hluti staðalsins verður ekki farið ítarlega ofan í hann. Áhættuvarnarreikningsskilahluti nýja staðalsins gerir það auðveldara fyrir fyrirtæki að notast við hann og þá verja sig gegn eða dreifa áhættu. Til eru þrjár tegundir áhættuvarnartengsla; gangvirðisvörn, sjóðstreymisvörn og áhættuvörn vegna hreinnar fjárfestingar í erlendum rekstri.

Ekki er búið að innleiða IFRS 9 hér á landi en búið er við því að fyrirtæki þurfi að notast við hann frá og með reikningsskilatímabilum sem hefjast 1. janúar 2018 eða síðar. Fjallar ritgerðin um afleiður áhættuvarna og hver hugsanleg áhrif af innleiðingu hins nýja staðals verða fyrir fjármálafyrirtæki.

## Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	8
2	Afleiður, áhætta og áhættuvarnir .....	10
2.1	Helstu tegundir afleiðusamninga .....	10
2.1.1	Framvirkir og framtíðar samningar.....	11
2.1.2	Valréttarsamningur.....	12
2.1.3	Skiptasamningar.....	13
2.2	Spákaupmennska .....	13
2.3	Áhættustjórnun .....	14
2.3.1	Áhættuvörn.....	14
2.3.1.1	Áhættuvarin eign.....	15
2.4	Áhættuvarnarreikningsskil .....	15
3	IFRS 9 – Fjármálagerningar .....	16
3.1	Flokkun og mat.....	17
3.1.1	Flokkun og mat fjáreigna .....	17
3.1.1.1	Fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði .....	19
3.1.1.2	Fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu .....	19
3.1.1.3	Fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstur.....	19
3.1.2	Innbyggðar afleiður.....	19
3.2	Virðisrýrnun.....	20
3.3	Áhættuvarnarreikningsskil .....	22
3.3.1	Tegundir áhættuvarnartengsla .....	23
3.3.1.1	Gangvirðisvörn .....	23
3.3.1.2	Sjóðstreymisvörn.....	24
3.3.1.3	Áhættuvörn vegna hreinnar fjárfestingar í erlendri starfsemi .....	25
3.3.2	Skilvirkni kröfur áhættuvarnar .....	26

3.3.3	Endurskipulagning og stöðvun.....	27
3.4	Innleiðing IFRS 9 .....	28
4	Umræðukafli .....	29
5	Lokaorð .....	31
	Heimildaskrá .....	32

## **Myndaskrá**

Mynd 1	Flokkun og mat fjáreignanna (IFRS Foundation, 2014).....	18
Mynd 2	Þrjú stig færslu virðisrýrnunar (International Accounting Standards Board, 2014) .....	21
Mynd 3	Tegundir áhættuvarnartengsla (International Accounting Standards Board, 2014) .....	23
Mynd 4	Hvenær á að endurskipuleggja og stöðva áhættuvarnartengsl? (Ernst & Young, 2011).....	27

## 1 Inngangur

Þann 15. september 2008 bárust þær fregnir til landsins að bandaríski fjárfestingarbankinn, Lehman Brothers, hefði lýst yfir gjaldþroti. Við fallið höfðu íslensku bankarnir glatað umtalsverðu fé, eða um 182,6 milljónum evra. Eftir fall Lehman Brothers byrjuðu bankar um allan heim að vera varari um sig. Ljóst var þá að ef einn gat fallið þá væri stutt í að aðrir féllu í kjölfarið. Af þessum orsökum varð erfiðara fyrir íslensku bankana að halda lánalínunum opnum (Guðni Th. Jóhannesson, 2009; Fjármálaeftirlitið, 2008).

Árið 2008 féll bankakerfið eins og viðkvæm spilaborg. Fáir virtust sjá það fyrir og ekki var hlustað á þá sem það gerðu. Þrátt fyrir að engin ein ástæða hefur verið fundin, aðrar en persónulegar skoðanir aðila, um hvað hrúninu olli, var ljóst að hrúnið hafði verið samspil margra þátta. Afleiðuviðskipti er talin vera einn þessara þátta.

Daginn 10. apríl 2008, á degi Samtaka fjármálafyrirtækja sagði Björgvin G. Sigurðsson, þáverandi viðskiptaráðherra, í ávarpi sínu: „Sú staðreynd að fjármálageirinn er orðinn stærri en landbúnaður og sjávarútvegur samanlagt segir okkur einfaldlega að afleiður og skuldabréf eru í dag okkar ær og kýr.“ (Björgvin G. Sigurðsson, 2008). Fyrir hrún stækkaði afleiðumarkaður ört og hratt. Afleiður voru hannaðar til að draga úr eða dreifa áhættu, en Larosiére (2009) bendir á að erfitt reyndist að meta hvort áhættan hefði í raun verið dreifð. Sumir gengu jafnvel svo langt að segja að afleiður hefðu jafnvel aukið áhættuna á markaði í stað þess að draga úr henni. Miklir gallar voru í áhættumati fjármálafyrirtækja og þá áhættustjórnun þeirra. Stjórnir þessara fyrirtækja voru ekki meðvitaðar um áhættuna sem fylgdi þessari ákvörðunartöku og hægt var því að álykta að afleiðusamningar hefðu verið stór partur af henni. Þetta leiddi til þess að áhætta fjárfestinga þessara fyrirtækja var verulega vanmetin. Aðilar telja að hrúnið hafi þá leitt í ljós að það hafi verið veruleg þörf á því að skoða virkni á afleiðumörkuðum (Larosiére, 2009).

Vegna hrunsins, sem þá myndaði erfiða stöðu á fjármálamarkaði, var ákveðið að flýta fyrir vinnu endurskoðunar reikningskilastaðalsins IAS 39 (e. International Accounting Standard), með tilliti til fjármálagerninga. Nýja staðlinum var ætlað að taka á veikleikum



sem taldir höfðu verið í gildandi reikningsskilastaðli. Veikleikar hans snéru að mestu að seinkun á viðurkenningu á virðisrýrnun eigna en þessir veikleikar voru taldir hafa átt sinn þátt í umfangi hrunsins. Einnig hafði verið mikil gagnrýni á þann hluta sem varðaði áhættuvarnarreikningsskil, að þau væru of flókin og því ekki möguleiki fyrir almenn fyrirtæki að standa skil á þeim (IFRS Foundation, 2014).

Í júlí 2014 kom svo út nýi reikningsskilastaðallinn IFRS 9 (e. international financial reporting standards). Hann átti að fyrirbyggja þær hættur sem talið var að voru byggðar á fyrri staðli og var tilgangur þess staðals að fyrirbyggja annað fjármálahrún. Ekki er búið að innleiða staðalinn hér á landi en innleiðing hans er háð innleiðingu Evrópusambandsins, sem búist er við að verði lokið í lok árs 2016. Staðallinn mun svo taka gildi fyrir það reikningsskilatímabil sem byrjar á eða eftir 1. janúar 2018 (IFRS Foundation, 2014).

Markmið höfundar með þessari ritgerð er að skýra út fyrir lesanda hvað afleiður eru og til hvers þær eru notaðar svo og hvernig áhættuvarnarreikningsskil eru notuð samkvæmt IFRS 9. Einnig vill höfundur komast að rannsóknaspurningu ritgerðarinnar en hún hljóðar svo: Hver eru hugsanleg áhrif innleiðingu áhættuvarna reikningsskilahluta IFRS 9 á fjármálafyrirtæki á Íslandi?

Hér eftir verður útskýrt fyrir lesanda hvað afleiður eru, helstu tegundir þeirra og hvaða tilgangi þær þjóna. Svo verður áhætta skoðuð í tengslum við fjármálafyrirtæki og hvernig hægt er að verjast gegn þeim. Undir lok ritgerðarinnar verður svo umræðukafli þar sem höfundur tekur saman fyrri kafla og ræðir um hugsanlegar afleiðingar innleiðingu staðalsins.

## 2 Afleiður, áhætta og áhættuvarnir

Í þessum hluta verður farið yfir hvað afleiður eru, hvaða tegundir eru til, hvað einkennir þær og í hvað þær eru notaðar. Þá verður farið yfir áhættu, áhættuvarnir og áhættuvarnarreikningsskil.

Afleiða (e. derivative) er verðbréf (e. security) þar sem verð verðbréfsins er háð annarri eign eða eignum. Afleiðan í sjálfum sér er samningur á milli tveggja eða fleiri aðila sem byggður er á eigninni eða eignunum. Virði hennar ræðst af sveiflum undirliggjandi eignar. Algengustu undirliggjandi eignir eru hlutabréf, skuldabréf, hrávörur, vextir og gengi gjaldmiðla (Hull, 2015).

Afleiðusamningur er skilgreindur samkvæmt lögum um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, og á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum nr. 99/2000:

Samningur þar sem uppgjörðsákvæði byggist á breytingu einhvers þáttar, svo sem vaxta, gengis gjaldmiðla, verðbréfavæðs, verðbréfavísitölu eða hrávöruverðs. Andvirði slíks samnings er háð breytingu þessara viðmiðunarþátta á tilteknu tímabili.

Til eru nokkrar gerðir afleiðna og þjóna þær mismunandi tilgangi. Sumar eru hæfar til áhættuvarnar á meðan aðrar eru notaðar til spákaupmennsku og enn aðrar notaðar til að skapa hagnað (Hull, 2015).

### 2.1 Helstu tegundir afleiðusamninga

Afleiðusamningar geta verið skráðir eða óskráðir. Skráðir afleiðusamningar (e. exchange traded derivatives) eru skráðir á skipulögðum verðbréfamarkaði. Þetta eru stöðluð kaup hvað varðar undirliggjandi verðmæti, gengi og gildistíma. Samningarnir ganga kaupum og sölum áður en að uppgjörðsdegi er komið. Kauphöllin sér um að vera milliliður viðskiptanna sem gerir þá öruggari. Óskráðir afleiðusamningar (e. over the counter) eru samningar sem ekki eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði. Þeir eru klæðskerasaumaðir. Þessi markaður er mun stærri og er hann kallaður grái markaðurinn (Hull, 2015).

Skipta má afleiðusamningum upp í þrjá meginflokka eftir eðli þeirra. Þeir flokkar eru framvirkir samningar (e. futures eða forwards), valréttarsamningar (e. options) og skiptisamningar (e. swaps) (Hull, 2015).

### **2.1.1 Framvirkir og framtíðar samningar**

Framvirkur samningur (e. forward contract) er samningur sem skuldbindur kaupandann að kaupa eign (eða seljandann að selja eign) á gefnum tíma í framtíðinni á fyrirfram ákveðnu verði. Þessi samningur er bindandi fyrir báða samningsaðila. Sérkenni þessara samninga er að þeir eru utan kauphallar og gerðir upp í lok samningstíma og eru því klæðskerasumaðir (Bodie, Kane og Marcus, 2011; Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson, 2010).

Framtíðar samningur (e. futures contract) eru kaup milli tveggja aðila um að annar aðilinn selji hinum ákveðið verðbréf á tilteknum tímapunkti í framtíðinni á fyrirfram ákveðnu verði. Framtíðar samningur er staðlaður og skráður í kauphöll. Einnig er hann yfirleitt gerðir upp daglega, þ.e. hagnaður hans á hverjum tímapunkti er gerður upp eða tapið ef sú er niðurstaðan. Þar sem samningsaðilar þekkjast yfirleitt ekki þá gerir þetta samningsaðila öruggari um að fá uppgjör samningsins greitt (Hull, 2015; Páll Hreinsson o.fl., 2010).

Í báðum tilvikum tekur einn aðili langa stöðu (e. long position), sem einnig er kölluð gnóttstaða, og samþykkir þar með að kaupa undirliggjandi eign samkvæmt samningsákvæðunum á meðan hinn aðilinn tekur stutta stöðu (e. short position), sem einnig er kölluð skortstaða, og samþykkir þar með að selja undirliggjandi eign samkvæmt sömu samningsákvæðum (Hull, 2015).

Til eru tvær tegundir af uppgjörum þegar kemur að afleiðusamningum. Þær eru peningauppgjör og raunuppgjör. Raunuppgjör er þegar á uppgjörstigi er komið. Þá lætur sá sem er í stuttri stöðu þann sem er í langri stöðu fá eignina gegn því að sá sem er í langri stöðu greiðir þeim sem er í stuttri stöðu fyrirfram ákveðna verðið á þeirri eign. Peningauppgjör er hins vegar þannig að eignin skiptir ekki um eiganda heldur verður einungis breyting á virði eignarinnar. Þá er uppgjórið reiknað sem stundarverð (e. spot price) mínus samningsverð fyrir langa stöðu og samningsverð mínus stundaverð fyrir stutta stöðu. Þar sem samningsverð er verðið sem samið er um að greitt verði fyrir eignina við uppgjör samnings og stundaverð er verðið sem fengist fyrir eignina á markaði á

uppgjörsgæði. Sá sem er í langri stöðu er skuldbundinn til að kaupa eign sem er virði St fyrir K og sá sem er í stuttri stöðu er skuldbundinn til að selja eignina sem er virði St fyrir K. Bæði uppgjörin eru jafn gild, þar sem aðilinn sem fær eignina getur selt hana á markaði og endar því í sömu stöðu og ef um peningauppgjör væri að ræða. Aðilinn sem fær breytinguna í virði getur keypt eignina á markaði og endar þar með í sömu stöðu og aðilinn sem er með raunuppgjör. Það sama er með aðila í stuttri stöðu og skilur báða aðila jafn vel stadda óháð því uppgjöri sem er valið. Gott er þó að benda á að jafngildi peningauppgjör og raunuppgjör stenst einungis ef um er að ræða staðlaða eign og því aðeins að hægt sé að selja og kaupa auðveldlega á markaði (Hull, 2015).

### **2.1.2 Valréttarsamningur**

Valréttarsamningur (e. options) er framkvæmd í fjármálum milli tveggja aðila þar sem annar þeirra selur samninginn til hins aðilans. Kaupandinn hefur réttinn til að kaupa eða selja verðbréf frá eða til hins aðilans á fyrirfram ákveðnum tíma og verði. Valréttarsamningur svipar til framtíðar samnings, en sérkenni valréttarsamnings er að kaupandi valréttis hefur rétt en ekki skyldu til að uppfylla samninginn. Hinn aðilinn, seljandi valréttis, hefur hins vegar einungis skyldu, þ.e. hann er skuldbundinn til að uppfylla samningsákvæðin ef fyrri aðilinn, kaupandi valréttis, kys að nota réttinn. Framvirkir samningar hafa verið algengari hér á landi, en á seinustu árum hafa valréttarsamningar færst í aukana (Bodie o.fl., 2011; Páll Hreinsson o.fl., 2010).

Eign valréttar felur í sér verðmæti þar sem valréttshafinn getur valið um það hvort hann vill nota hann eða ekki, annað en framvirkir samningar. Hér hefur kaupandi valréttar möguleikann á því að beita honum og þá notað hann þegar honum er það hagstætt en sleppa því þegar honum er það óhagstætt, þ.e. kaupandi valréttar kemst frá því að tapa á þessu veðmáli (Hull, 2015; Bodie o.fl., 2011).

Til að útskýra þetta er gott að setja upp dæmi: Aðili A er með sölurétt, þ.e. réttinn til að selja tiltekna afurð eftir tiltekinn tíma á tilteknu verði til aðila B. Eftir ár er verðið á markaði búið að hækka umfram það verð sem samningurinn segir til um. Því velur aðili A að sniðganga samninginn og selur bréfið á almennum markaði. Ef hins vegar verðið er búið að lækka þá notfærir aðili A sér söluréttinn til að selja afurðina á hærra verði. Aðili B er hér skyldugur til að uppfylla samninginn ef A kys að gera svo, þ.e. kaupa afurðina ef A vill selja (Hull, 2015).

### 2.1.3 Skiptasamningar

Skiptasamningur (e. swaps) er samningur milli tveggja aðila um að hafa viðskipti með fjármálagerninga, til dæmis lánaskilmálum. Aðilar geta gert vaxtaskiptasamninga til að skiptast á föstum og fljótandi vöxtum og gjaldmiðlaskiptasamninga til að skiptast á gjaldeyri fyrir lán. Aðilar gera þetta vegna þess þeir geta haft mismunandi kjör á lánasamningum sínum en vilja hafa vexti í ákveðnu formi (Hull, 2015).

Dæmi um vaxtaskiptasamninga væri ef aðili A gæti fengið lán með fljótandi vöxtum á mun betra kjörum heldur en á föstum en vill taka lán á föstum vöxtum og aðili B gæti fengið betri kjör á láni á föstum vöxtum heldur en fljótandi en vill taka lán á fljótandi vöxtum. Í þessari stöðu geta þeir báðir tekið lánin sem eru á þeirra betri kjörum og svo gert vaxtaskiptisamning sín á milli um að A borgi B fastavexti en B borgi A fljótandi vexti. Þannig er A búinn að tryggja sér fasta vexti og B tryggja sér inn fljótandi vexti á betri kjörum heldur en ef þeir hefðu tekið sjálf lánin án skiptasamnings. Líklegast er að þessi staða myndist þó þegar aðilarnir búa í mismunandi löndum og þyrfti þá að gera annan skiptasamning sem myndi þá eyða gjaldmiðlaáhættu þeirra (Hull, 2015).

## 2.2 Spákaupmennska

Eins og nefnt var áðan þá er hægt að nota afleiður í mismunandi tilgangi. Hér verður fjallað um spákaupmennsku og högnun tveggja þeirra.

Megintilgangur spákaupmennsku (e. speculation) á afleiðum er að hagnast á því að veðja á stöðu undirliggjandi eignar í framtíðinni. Aðilar, sem standa í spákaupmennsku, taka stöðu á markaðinum og veðja á að virði eignar hækki eða lækki. Með spákaupmennsku er áhætta á tapi meiri en líkur á miklum hagnaði. Hugsunin á bak við spákaupmennsku er svipuð og að kaupa tryggingu í húsi nágrenns. Ef húsið skyldi brenna þá fær aðilinn bætur fyrir það tjón án þess að hafa upphaflega eignast eignina og þar með er hann ekki að tapa neinu. Spákaupmennska er þó ekki það sama og veðmál. Lykilmunurinn er sá að með spákaupmennsku eru aðilar að taka útreiknaða áhættu (e. calculated risk) og er hún ekki háð hreinni tilviljun á meðan að veðmál bjóða upp á handahófskenndar niðurstöður (Hull 2015; Bodie o.fl., 2011).

Högnun (e. arbitrage) er að ná fram áhættalausum ágóða með því að stunda viðskipti á tveimur eða fleiri mörkuðum. Arðsemi verður að möguleika þegar framtíðarverð eignar er ekki í samræmi við stundarverð eignar. Oft er þá ákveðin eign keypt á einum markaði,

þar sem verð hennar er lágt, og svo seld á öðrum, þar sem verð hennar er hátt. Þessi tækifæri standa þó ekki yfir til lengdar þar sem verðin leiðréttast vegna aukinnar eftirspurnar, þ.e. lága verðið hækkar og háa verðið lækkar. Aðilar sem nota tækifæri ágóðans (e. arbitrageur), stuðla því að því að markaðir verði virkari (Hull, 2015; Bodie o.fl., 2011).

### 2.3 Áhættustjórnun

Áhætta (e. risk) er skilgreind tengd einstaklingi eða hlut sem veldur eða gæti valdið hættu eða mögulegt tapi eða skaða (Webster's ninth new collegiate dictionary, 1991). Í fjármálum er áhætta skilgreind sem líkurnar á því að raunveruleg arðsemi sé önnur en búist var við. Það inniheldur líkurnar á því að tapa einhverju eða öllu af upphaflegu fjárfestingunni. Áhætta fyrirtækis er skipt niður í markaðsáhættu, vaxtaáhættu, rekstraráhættu, lausafjáraáhættu og áhættu vegna óhóflegrar vogunar, svo eitthvað sé nefnt (Fabozzi, Modigliani og Jones, 2014).

Áhættustjórnun (e. risk management) er aðgerðin við að stjórna áhættu, þ.e. aðferð við að bera kennsl á, greina og annað hvort samþykkja eða draga úr óvissu í fjárfestingar-ákvörðunartöku. Áhættustjórnun má skipta niður í tvö skref. Greina hvaða áhætta á sér stað í fjárfestingu og svo bregðast við þeirri áhættu til að þóknast fjárfestingar-markmiðinu. Áhættustjórnun snýst um að lágmarka mögulegt tap en á sama tíma að hámarka mögulegan ávinning. Með því að nota afleiður verður afkoma fyrirtækja stöðugri og um leið dregur úr sveiflum á virði samninga í fjármálum (Fabozzi o.fl., 2014).

#### 2.3.1 Áhættuvörn

Áhættuvörn (e. hedge) er skilgreind af Hull (2013) sem viðskipti sem ætlað er að dragi úr áhættu. Áhættuvörn er fjárfesting sem fjárfest er í til að minnka áhættu á neikvæðum breytingum á verði undirliggjandi eignar. Tilgangur hennar er að eyða þeirri áhættu sem fyrirtæki standa fyrir sem fylgir þeirra reglubundnu starfsemi. Þessi áhætta getur sprottið upp m.a. vegna gengisáhættu erlendra gjaldmiðla, verð- eða vaxtaáhættu. Áhættuvörn er það sama og taka út tryggingu fyrir eign. Ef húsnæðið er á landsvæði þar sem líkur eru á snjóflóði, getur verið skynsamlegt að verja eignina gegn þeirri áhættu með því að taka út tryggingu, þ.e. áhættuvörn. Fullkomin áhættuvörn er skilgreind sem sú sem útilokar alla áhættu (Hull, 2015; Fabozzi o.fl., 2014).

Hægt er að verja eign gegn áhættu með því að nota t.d. lán, framvirka samninga, og skiptisamninga en þar sem afleiður eru tengdar ákveðinni undirliggjandi eign þá henta þær sérstaklega vel til áhættuvarnar (Bodie o.fl., 2011). Hér eftir verður því einblínt á áhættuvörn í gegnum afleiður og því ekki fjallað um aðrar leiðir til áhættuvarnar.

Hversu skilvirk afleiða er í áhættuvörn er skilgreint með tilliti til *delta*, sem stundum er kallað áhættuvarnarhlutfallið (e. hedge ratio). Það er upphæðin sem verð afleiðunnar breytist miðað við \$ 1 breytingu í verði undirliggjandi eignar (Hull, 2015; Fabozzi o.fl., 2014).

### **2.3.1.1 Áhættuvarin eign**

Áhættuvarin eign (e. hedged item) getur verið viðurkennd eign, skuld eða skuldbinding fyrirtækis sem hefur ekki verið færð (e. unrecognised). Um er að ræða framtíðarviðskipti sem afar líklegt er að eigi sér stað eða hrein fjárfesting í erlendri starfsemi (e. foreign operation). Hana verður að vera hægt að mæla á áreiðanlegan hátt. Einnig má skilgreina hæfar, áhættuvarnar eignir blandaðar við afleiðu sem mynda heildaráhættu sem áhættuvarin eign, þ.e. eign sem framkvæmd áhættuvarnar má verja (International Accounting Standards Board, 2014).

## **2.4 Áhættuvarnarreikningskil**

Eins og farið var yfir í kaflanum um áhættuvörn, snýr hún að því að eyða þeirri áhættu sem fyrirtæki standa fyrir sem fylgir þeirra reglubundnu starfsemi. Til að skrá þessar aðgerðir í ársreikninga fyrirtækja er notast við svokölluð áhættureikningskil (e. hedge accounting). Tilgangur þeirra fyrir fyrirtæki er að sýna á reikningskilum sínum áhrif þessara áhættuvarna. Ein og sér lítur áhættuvörnin áhættusöm út og rýrir því stöðu fyrirtækis samkvæmt ársreikningum. Með því að nota þá áhættuvarnarreikningskil er hægt með skýrum hætti að sýna áhrif þessara varna í reikningskilum fyrirtækis. Einungis má þó beita áhættuvarnarreikningskilum vegna áhættuvarna sem geta haft áhrif á rekstur (KPMG International, 2005; IFRS Foundation, 2013).

### 3 IFRS 9 – Fjármálagerningar

IFRS eru alþjóðlegir reikningsskilastaðlar, stendur fyrir international financial reporting standards og er staðallinn gefin út af alþjóðlega reikningsskilaráðinu (e. international accounting standards board eða IASB). Staðallinn IFRS 9 kemur í stað fyrri staðals um fjármálagerninga, IAS 39. Notendum IAS 39 þótti staðallinn vera of flókinn til að skilja, nota og skýra. Áður hafði staðallinum verður breytt til að skýra ákveðnar kröfur, bæta leiðsögn og útrýma innra ósamræmi en aldrei áður hafði verið ráðist í breytingar á grundvallaratriðum staðalsins, eins og gert er með IFRS 9. Vegna fjármálahrunsins 2008 var ákveðið að flýta fyrir endurskoðuninni á reikningsskilastaðlinum. Vinna að honum hafði staðið frá árinu 2002. Þar átti að samræma reglur alþjóðlega reikningsskilaráðsins og bandaríska reikningsskilaráðsins (e. Financial Accounting Standards Board). Á endanum tókst þó ekki að samræma staðallinn milli ráðanna og setur því alþjóðlega reikningsskilaráðið þennan staðal fram. Nýja staðlinum var ætlað að taka á veikleikum sem talið var vera í gildandi reikningsskilastaðli, IAS 39. Veikleikar þess staðals voru taldir hafa átt sinn þátt í umfangi fjármálahrunsins (International Accounting Standards Board, 2014; IFRS foundation, e.d.).

Áætlað var að IFRS 9 kæmi að fullu í stað IAS 39. Vegna þrýstings frá hagsmunaaðilum um að bæta reikningsskilastaðalinn sem fyrst, var ákveðið að skipta verkefninu niður í þrjú megináfangi: Flokkun og mat (e. classification and measurement), virðisrýrnun (e. impairment) og áhættuvarnarreikningsskil (e. hedge accounting). Í árslok 2009 kom út fyrsta útgáfa af fyrsta hluta staðalsins og endanleg mynd hans í júlí 2014. Staðallinn mun taka gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefst 1. janúar 2018 eða síðar. Aðilar geta hins vegar ákveðið að byrja að nota IFRS 9 fyrir þann tíma (International Accounting Standards Board, 2014; IFRS foundation, e.d.).

Vegna þrýstings um að IFRS 9 verði innleiddur fljótt, eru kröfur vegna áhættuvarnarreikningsskila safna (e. Macro hedge accounting) ekki tekin með úr IAS 39. Ástæðan fyrir því er sú að fyrirséð er að sá kafli tæki lengri tíma (delotte, 2015). Því verður ekki rætt frekar um áhættuvarnarreikningsskil safna.



Í þessum kafla verður fjallað í stuttu máli um áfangana þrjá; flokkun og mat, virðisrýrnun og áhættuvarnarreikningsskil sem skilgreina IFRS 9 áður en farið er í dýpra í áhættuvarnarreikningsskil.

### **3.1 Flokkun og mat**

Flokkun og mat (e. classification and measurement) er fyrsti hluti IFRS 9. Til að einfalda flokkun og mat fjármálagerninga var ákveðið að nota eina aðferð við það, í stað margra eins og var í IAS 39. Í nóvember 2009 gaf alþjóðlega reikningsskilaráðið út kaflann um flokkun og mat á fjáreignum úr IFRS 9. Sá kafli gerir þær kröfur til fjáreigna að þær séu flokkaðar á grundvelli viðskiptalíkans (e. business model) því og samningsbundna einkennis sjóðstreymi þeirra. Viðskiptalíkan vísar til þess hvernig aðili stjórnar fjáreignum sínum til þess að hagnast á þeim, búa til sjóðstreymi, með því að safna samningsbundnu greiðsluflæði, selja fjáreignir eða bæði. Einföld skýring er að líkanið lýsi því hvernig fyrirtæki fær inn tekjur sínar (IFRS Foundation, 2014).

Flokkun ákvarðar hvernig fjáreignir eru færðar í reikningsskilum og einkum hvernig þær eru metnar í framhaldinu. Kröfurnar um flokkun og mat er grunnur fyrir reikningsskil fjármálagerninga. Kröfurnar fyrir virðisrýrnun og áhættuvarnarreikningsskilum eru svo byggðar á þessari flokkun og mati (IFRS Foundation, 2014).

Flestar kröfurnar úr IAS 39 voru færðar óbreyttar yfir í IFRS 9. Eina breytingin sem kynnt var fyrir flokkun og mat á fjárskuldum, var fyrir viðurkenningu á breytingum á eigin útlánaáhættu í annarri heildarafkomu (e. other comprehensive income) fyrir skuldir færðar á gangvirði í gegnum rekstur. Þessi breyting er líkleg til að hafa afgerandi áhrif á aðila sem hafa verulegar fjáreignir, einkum þá fjármálastofnanir (e. financial institutions). Í nóvember 2013 gaf IASB út heimild fyrir því að aðilar innleiði þessar kröfur án þess að innleiða aðrar úr IFRS 9 á sama tíma. Í júlí 2014 gerði IASB svo smávægilegar breytingar á þessum áfanga í IFRS 9 (International Accounting Standards Board, 2014; PwC, 2014a).


#### **3.1.1 Flokkun og mat fjáreigna**

IFRS 9 notar eina flokkunarnálgun (e. classification approach) fyrir allar tegundir af fjáreignum, þar á meðal þær sem innihalda innbyggðar afleiður, sem skýrðar eru í næsta kafla. Fjáreignir eru því flokkaðar í heild sinni frekar en að þurfa að fylgja þeirri kröfu um

að klífa þær í tvennt (e. bifurcation). Tveir mælikvarðar eru notaðir til að ákvarða hvernig fjáreignir ættu að vera flokkaðar og metnar:

- (1) Viðskiptamódel fyrirtækisins sem notað er til að stjórna fjáreign.
- (2) Eiginleikar samningsbundins sjóðstreymis fjáreignar (PwC, 2014a).

Einsog sést á mynd 1 hér fyrir neðan geta fjáreignir verið flokkaðar á afskrifuðu kostnaðarverði, á gangvirði í gegnum rekstur eða á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu.



Mynd 1 Flokkun og mat fjáreignanna (IFRS Foundation, 2014)

Flokkun samkvæmt IFRS 9 fyrir fjárfestingar í skuldagerningum (e. debt instruments) er knúin af viðskiptalíkani fyrirtækja fyrir að stjórna fjáreignum og einkennum samningsbundins sjóðstreymis þeirra, svo sem vaxta (International Accounting Standards Board, 2014).

### **3.1.1.1 Fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði**

Fjáreign er metin á afskrifuðu kostnaðarverði (e. amortized cost) ef báðar af eftirfarandi kröfum eru uppfylltar. Eigninni er haldið til að safna samningsbundnu sjóðstreymi af henni og einskorðast við greiðslur af höfuðstóli og vöxtum (e. solely payments of principal and interest eða SPPI). Fjáreignir sem falla undir þennan flokk eru upphaflega færðar á gangvirði og seinna metnar á afskrifuðu kostnaðarverði (International Accounting Standards Board, 2014; PwC, 2014a).

### **3.1.1.2 Fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu**

Fjáreignir eru metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu (e. fair value through other comprehensive income) ef báðar eftirfarandi kröfur eru uppfylltar: Markmið viðskiptalíkan fyrirtækis er náð bæði með því að safna samningsbundnu sjóðstreymi og að selja fjáreignirnar ásamt því að sjóðstreymi eignarinnar samanstandi einungis af greiðslum af höfuðstóli og vöxtum. Fjáreignir sem falla undir þennan flokk eru upphaflega færðar og einnig síðar meir metnar á gangvirði. Hreyfingar á bókfærðu verði ættu að vera færðar í gegnum aðra heildarafkomu, nema fyrir skráninguna á virðisrýrnunarhagnaði eða tapi, vaxtatekjur og gengishagnað eða tap, sem fært er á rekstur (International Accounting Standards Board, 2014; PwC, 2014a).

### **3.1.1.3 Fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstur**

Undir þessu nýja líkani er gangvirði í gegnum rekstur (e. fair value through profit or loss) afgangsflokkinn. Fjáreignir ættu að vera í honum ef þeir uppfylla ekki skilyrðin fyrir gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu eða afskrifað kostnaðarverð. Fjáreignir sem falla undir flokkinn um gangvirði í gegnum rekstur, skal meta á gangvirði og allar breytingar færðar í gegnum rekstur. Óháð mati viðskiptalíkans getur fyrirtæki kosið að flokka fjáreign á gangvirði í gegnum rekstur ef það leiðir til að minnka eða útrýma ósamræmi í mælingum og færslum (e. recognition), þ.e. bókhaldslegu misræmi (e. accounting mismatch) (International Accounting Standards Board, 2014; PwC, 2014a).

## **3.1.2 Innbyggðar afleiður**

Innbyggðar afleiður (e. embedded derivative) er partur af blönduðum samningi (e. hybrid/combined instrument). Afleiðan er þar innbyggð inn í grunnsamning sem getur verið fjármálagerningur eða annar samningur (e. non-financial contract). Innbyggð afleiða er kölluð svo þar sem hún getur haft þau áhrif á sjóðstreymi samningsins, eða hluta hans,

eins og um sjálfstæða afleiðu sé að ræða. Undirliggjandi þættir geta verið m.a. vextir, verðbólga gengi gjaldmiðils og gengi verðbréfa (International Accounting Standards Board, 2014; KPMG International, 2005).

Ef afleiðan er framseljanleg án grunnsamningsins eða ef mótaðili afleiðunnar er annar en mótaðili grunnsamningsins, telst hún þó ekki til innbyggðs samnings. Samkvæmt IAS 39 er uppgjörsaðila skylt að aðskilja innbyggðar afleiður frá grunnsamningi og færa samkvæmt reglum um almennar afleiður ef:

- a. Áhætta afleiðunnar og grunnsamningsins eru ekki nátengd.
- b. Annar fjármálagerningur væri skilgreindur sem afleiða samkvæmt ákvæðum IAS 39.
- c. Blandaði samningurinn í heild sinni er ekki skráður á gangvirði og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrareikning (KPMG International, 2005).

Breytingarnar samkvæmt IFRS 9 eru þær að ekki þarf lengur að aðskilja innbyggðar afleiður frá grunnsamningi sínum vegna þess að þær eru ekki nátengdar undirliggjandi fjáreign. Í staðinn þarf að meta samningsbundið sjóðstreymi fjáreignar í heild sinni (International Accounting Standards Board, 2014).


### **3.2 Virðisrýrnun**

Virðisrýrnun (e. impairment) er önnur stóra breytingin í IFRS 9. Virðisrýrnunarlíkanið í IFRS 9 er byggt á þeirri forsendu að veita þurfi upplýsingar um væntanlegt tap. Fyrri staðall, IAS 39, var með ákvæði sem seinkaði viðurkenningu þangað til sönnun hafði komið fram fyrir afleiðingum útlánstaps. Þetta var gert til að takmarka getu aðila til að búa til falda sjóði sem hægt væri að nota til að bæta afkomu á erfiðum tímum. Þegar fjármálahrúnið skall á, varð mönnum þó ljóst að virðisrýrnunarlíkanið gaf svigrúm fyrir annars konar tekjustjórnun, þ.e. það að fresta tapi. Þrátt fyrir að IAS 39 gerði ekki þær kröfur að bíða með að raunveruleg vanskil hefðu átt sér stað áður en virðisrýrnun var færð, var það oftast ekki raunin. Þessi seinkun á virðistapi leiddi til skerðingu á upplýsingum um stöðu fyrirtækja (IFRS Foundation, 2014).

Meginmarkmið nýju kröfunnar um virðisrýrnun er að veita notendum reikningsskila nytsamlegri upplýsingar um væntanlegt útlánstap á fjármálagerningum fyrirtækja. Nýja líkanið gerir kröfur til aðila að færa væntanlegt útlánstap á hverjum tíma strax frá því að gert er grein fyrir fjármálagerningnum í reikningsskilum fyrirtækis, þ.e. frá upphaflegri skráningu þeirra. Einnig eru gerðar þær kröfur að færa þarf upphæð væntanlegs

útlánstaps á hverjum uppgjörssdegi til að endurspeglar þær breytingar sem hafa orðið á útlánsáhættu (IFRS Foundation, 2014; International Accounting Standards Board, 2014).

IFRS 9 snýr að þeirri reglu að virðisrýrnun byggir á 12 mánaða væntanlegu útlánstapi. Þessi regla á við um fjármálagerninga sem meðhöndlaðir hafa verið á afskrifuðu kostnaðarverði, þar sem frá upphaflegu skráningu þeirra hefur ekki mælst veruleg aukning á útlánsáhættu (IFRS Foundation, 2014; International Accounting Standards Board, 2014). Eins og mynd 2 hér fyrir neðan sýnir þá er virðisrýrnun fjáreigna færð í þremur skrefum:



Mynd 2 Þrjú stig færslu virðisrýrnunar (International Accounting Standards Board, 2014)

**1. stig** – Þetta stig inniheldur fjármálagerninga sem hafa ekki haft verulega aukningu í útlánsáhættu frá upphaflegri færslu (e. recognition) eða þá sem hafa litla útlánsáhættu á uppgjörssdegi. Strax og stofnað er til (e. originated) fjármálagernings eða strax og hann er keyptur er 12 mánaða áætlað útlánstap (e. expected credit loss) færð í gengum rekstur og sem niðurfærsla á kaupin. 12 mánaða áætlað útlánstap er það áætlaða sem stafa af vanskilsatburðum (e. default events) sem mögulega gerast á næstu 12 mánuðum eftir uppgjörssdag. Þetta felur í sér allt útlánstap eignar vegið með líkunum á að það tap muni eiga sér stað á næstu 12 mánuðum. Fyrir fjáreign eru vaxtatekjur reiknaðar af *vergu* (e. gross) bókfærðu virði, þ.e. án leiðréttingar vegna væntanlegs útlánstaps (International Accounting Standards Board, 2014; IFRS Foundation, 2014; PwC, 2014b).

**2. stig** – Annað stigið inniheldur fjármálagerninga sem hafa haft verulega aukningu í útlánsáhættu frá upphaflegri viðurkenningu þeirra (e. recognition), en hafa ekki hlutlægar vísbendingar (e. objective evidence) um virðisrýrnun. Hér eru ekki teknir með fjármálagerningar sem höfðu litla útlánsáhættu á uppgjörssdegi, þ.e. einungis ef útlánsáhætta hans eykst verulega frá upprunalega eða keyptu fjármálagerningunum.

Fyrir þessar eignir er áætlað útlánstap fyrir líftíma fjármálagernings fær, en vaxtatekjur eru enn reiknaðar af *vergu* bókfærðu virði, eins og á 1. stigi. Áætlað útlánstap fyrir líftíma fjármálagerninga er væntanlegt útlánstap sem leiðir af öllum mögulegum vanskilsatburðum yfir líftíma fjármálagerningsins. Væntanlegt útlánstap er vegið meðaltal með útlánstap miðað við líkurnar á vanskilum (e. probability of default) (International Accounting Standards Board, 2014; IFRS Foundation, 2014; PwC, 2014b).

**3. stig** – Þriðja og seinasta stigið inniheldur fjármálagerninga sem hafa hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun á uppgjörstigi, þ.e. útlánsáhætta fjáreignar hækkar þannig að talin er veruleg lánaskerðing. Fyrir þessar eignir, er áætlað útlánstap fyrir líftíma fjármálagerninga fær og vaxtatekjur reiknaðar af afskrifuðu kostnaðarverði, þ.e. *vergu* bókfærðu verð leiðrétt miðað við niðurfærslu taps (IFRS Foundation, 2014; PwC, 2014b).

Nú þegar hefur Magnús Guðmundsson (2015) skrifuð MSc. ritgerð þar sem farið var ítarlega ofan í virðisrýrnunarhluta IFRS 9 og verður því ekki farið meira í þennan þátt staðalsins hér.


### 3.3 Áhættuvarnarreikningsskil

Í nóvember 2013 bætti alþjóðlega reikningsskilaráðið við kröfum um áhættuvarnarreikningsskil við IFRS 9. Þessar kröfur kynna breytingar fyrir áhættuvarnarreikningsskilalíkanið með aukinni upplýsingagjöf um áhættustýringu. Nýja líkanið kynnir verulegar endurbætur á áhættuvarnarreikningsskilum sem samræmir reikningshaldslegar meðferðir betur við áhættustýringu, sem gerir fyrirtækjum kleift að endurspeglar þessa starfsemi betur í reikningsskilum sínum. Notendur reikningsskilanna munu vera veittar ítarlegri upplýsingar um áhættustýringu og skilvirkni áhættuvarnanna á reikningsskilin. Einnig kemur staðallinn inná (e. address) ósamræmi og veikleika hvað varðar áhættuvarðarreikningsskila hluta frá fyrri staðli IAS 39. Það er valkvætt að beita áhættuvarnarreikningsskila hluta staðalsins og þó að ákveðið sé að beita þeim er hægt að gera svo á grundvelli einstakra viðskipta eða safna í heild eða að hluta (International Accounting Standards Board, 2014; IFRS Foundation, e.d.; IFRS Foundation, 2013).

Í þessum kafla verður farið yfir tegundir áhættuvarnartengsla (e. hedging relationship), kröfur um skilvirkni, ásamt endurskipulagningar- og stöðvunarkröfum þeirra.

### 3.3.1 Tegundir áhættuvarnartengsla

Samkvæmt IFRS 9 eru þrjár mismunandi tegundir af áhættuvarnartengslum. Áhættuvarnartengsl er samsetningin af eigninni sem á að verja gegn áhættu og áhættuvörninni. Munurinn milli þessara tegunda áhættuvarnartengsla snýr að áhættuvörðu eigninni, þ.e. þeirri sem verið er að áhættuverja. Tegundirnar skiptast í gangvirðisvörn, sjóðstreymisvörn og áhættuvörn vegna hreinar fjárfestingar í erlendri starfsemi, en ekki verður farið ítarlega ofan í þá síðastnefndu þar sem hún svipar mjög til sjóðstreymisvarnar (International Accounting Standards Board, 2014; IFRS Foundation, 2013). Mynd 3 sýnir hvaða áhætta hver tegundar snýr að:



Mynd 3 Tegundir áhættuvarnartengsla (International Accounting Standards Board, 2014)

#### 3.3.1.1 Gangvirðisvörn

Gangvirðisvörn (e. fair value hedge) er áhættuvörn sem er tengd áhrifum á breytingu í gangvirði (e. fair value) viðurkenndrar eignar, skuldar, eða annarrar óþekkrar fastrar skuldbindingar (e. firm commitment) eða blöndu af þeim, sem má rekja til tiltekinnar áhættu og gæti haft áhrif á hagnað eða tap (International Accounting Standards Board, 2014). Gangvirði er skilgreint sem sú fjárhæð sem hægt er að skipta fyrir eign eða gera upp skuld í viðskiptum aðila sem báðir eru viljugir, upplýstir og ótengdir (KPMG International, 2005). Fyrir gangvirðisvörn er hagnaður eða tap fært fyrir áhættuvörnina í gegnum rekstur. Einnig gæti vörnin haft áhrif á aðra heildarafkomu ef um eiginfjársamning (e. equity instrument) er að ræða sem hefur verið skráður á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Hagnaður og tap er þá fært á aðra heildarafkomu ef áhættuvarnargerningur á að verja eiginfjargerninginn (e. equity instrument) þar sem aðili hefur ákveðið að færa breytingar á gangvirði annarrar heildarafkomu (International Accounting Standards Board, 2014).

Ef áhættuvarða eignin er skuldasmningur (e. debt instrument) metinn á afskrifuðu kostnaðarverði eða gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu, eru allar áhættuvarnar

leiðréttingar afskrifað á rekstri (e. through profit or loss) byggðar á reiknuðum virkum vöxtum. Afskriftir mega hefjast um leið og leiðréttingin á sér stað og ekki seinna heldur en þegar áhættuvarða eignin er hætt að vera leiðrétt fyrir hagnaði eða tapi áhættuvarnar (International Accounting Standards Board, 2014).

Með gangvirðisvörn er fyrirtæki að verja gegn áhættu eignir sínar, sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstur í reikningssskilum fyrirtækis, t.d. vegna hlutabréfaeignar í öðru fyrirtæki. Þau skrá hlutabréfaeignina á gangvirði í reikningum sínum í gegnum rekstur og hafa áhyggjur af því að virði þeirra lækki. Til að verja sig gegn þessari áhættu setja þau upp áhættuvarnargerninga. En hvernig eigum þau að mæla, þ.e. færa áhættuvörnina? Þar sem að bæði eignin sem á að verja og áhættuvarnargerningurinn eru bæði mæld á gangvirði, getur aðili skráð þau bæði í gegnum rekstur þar sem þau munu koma upp á móti hvort öðru (International Accounting Standards Board, 2014).

Ef aðili er ekki með eignina skráða sem og áhættuvarnargerninginn í gegnum rekstur, heldur annað í gegnum aðra heildarafkomu, þarf hann að muna að í staðinn fyrir að færa bæði í gegnum rekstur, eru þau færð á aðra heildarafkomu (International Accounting Standards Board, 2014).

### **3.3.1.2 Sjóðstreymisvörn**

Sjóðstreymisvörn (e. cash flow hedge) er skilgreind sem áhættuvörn vegna varnarleysis, (e. exposure) vegna breytileika í sjóðstreymis fyrirtækis, sem má rekja til þess að ákveðin áhætta er tengd við viðurkennda eign eða skuld eða hluta þeirra. Þetta getur einnig verið áætluð framtíðarviðskipti sem mjög líklegt er að verði úr og geta haft áhrif á hagnað eða tap fyrirtækis (International Accounting Standards Board, 2014). Hérna er aðili með breytilega eign sem hann er hræddur um að hann muni fá minna fyrir eða þurfi að borga meira fyrir í framtíðinni heldur en á þeim tíma sem samningurinn var gerður.

Fyrir sjóðstreymisvörn er bókunin (e. reserve) í eigin fé færð miðað við lægri af eftirtöldum (miðað við heildarfjárhæð):

- Uppsafnaður ágóði eða tap af áhættuvörn frá upphafi varnar
- eða uppsöfnuð breyting á gangvirði vörðu eignarinnar frá upphafi varnar (International Accounting Standards Board, 2014).

Sá hluti hagnaðar eða taps á áhættuvarnargerninga sem talinn er vera skilvirk vörn er fært á aðra heildarafkomu og eftirstandandi hagnaður eða tap er talið óskilvirk



áhættuvörn og því færð í gegnum rekstur (International Accounting Standards Board, 2014).

Ef áhættuvörð áætluð framtíðarviðskipti leiða síðar meir til færslu (e. recognition) á ófjárhagslegum lið eða verða að skýrari skuldbindingu þar sem gangvirðisvörn á að vera beitt, þá á sú fjárhæð sem hefur verið söfnuð í sjóðstreymisvarnarvarasjóði (e. reserve) að vera tekin út og færð beint sem upphaflegur kostnaður eða annar bókfærður kostnaður eignar eða skuldar. Í öðrum tilfellum þá er uppsöfnuð fjárhæðin í sjóðstreymisvarasjóðinum endurflokkuð yfir á rekstur sama tímabils eða tímabilum sem áhættuvarða sjóðstreymið hefur áhrif á rekstur (International Accounting Standards Board, 2014).

Þegar aðili hættir áhættuvarnarreikningsskilum fyrir sjóðstreymisvörn, en samt búist við framtíðarsjóðstreymi af áhættuvörninni í framtíðinni, mun upphæðin sem hefur safnast í sjóðstreymisvörninni haldast þar til að framtíðarsjóðstreymið hefur átt sér stað, þ.e. þar til ekki er lengur búist við framtíðarsjóðstreymi. Ef ekki er búist við frekara sjóðstreymi þegar aðili hættir áhættuvarnarreikningsskilunum, mun sú upphæð vera endurflokkuð og færð á rekstur (International Accounting Standards Board, 2014).

Áhættuvörn fyrir gengisáhættu á fastri skuldbindingu má færa hvort sem er sem gangvirðisvörn eða sjóðstreymisvörn (International Accounting Standards Board, 2014).

### **3.3.1.3      *Áhættuvörn vegna hreinnar fjárfestingar í erlendri starfsemi***

Áhættuvörn vegna hreinnar fjárfestingar í erlendri starfsemi (e. hedge of a net investment in a foreign operation) inniheldur áhættuvörn sem er peningaeign og færð sem hluti af hreinu fjárfestingunni. Þetta er fært svipað og sjóðstreymisvörn:

- Sá hluti hagnaðar eða taps frá áhættuvörninni sem talinn er vera skilvirkur er færður í gegnum aðra heildarafkomu.
- Sá hluti hagnaðar eða taps sem ekki er talið skilvirkt er fært í gegnum rekstur (International Accounting Standards Board, 2014).

Þegar hætt er með erlenda starfsemi að fullu eða hluta er uppsafnaður hagnaður eða tap áhættuvarnargerninga sem tengist virka hluta varnarinnar endurflokkaður og færður á rekstur (International Accounting Standards Board, 2014).

### 3.3.2 Skilvirkni kröfur áhættuvarnar

Áhættuvarnartengsl eru einungis hæf fyrir áhættuvarnarreikningsskil (e. hedge accounting) að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:


- Eignin sem á að verja fyrir áhættu og gerningurinn sem á að verja eignina þurfa bæði að vera gjaldgeng (e. eligible) fyrir áhættuvarnarreikningsskilum.
- Áhættuvarnartengslin þurfa að vera formlega skjalfest og tilkynnt (e. designation), þ.e. aðili verður að segja: „Þetta er gerningurinn, þetta er eignin sem er varin og þetta eru áhrifin sem við erum að reyna að ná fram.“
- Og áhættuvörnin þarf að vera skilvirk (e. effective), þ.e. skila árangri. Áhættuvarnartengslin þurfa að uppfylla allar skilvirknikröfur áhættuvarnar (International Accounting Standards Board, 2014).

Til að uppfylla seinasta skilyrðið þurfa áhættuvarnartengslin að uppfylla ákveðnar kröfum um skilvirkni. Staðallinn gefur 3 skilyrði fyrir því hvað er skilvirk áhættuvörn:

- Það þurfa að vera efnahagsleg tengsl (e. economical relationship), þ.e. fylgni á milli áhættuvarnargerningsins og eignarinnar sem á að verja. Þetta er vegna þess að ef ekki er fylgni á milli þessara þáttanna þá ver áhættuvörnin ekki eignina gegn óæskilegum (e. undesirable) breytingum í virði og því enginn tilgangur með áhættuvörninni.
- Breyting á virði eignar og áhættuvarnargerninga má ekki vera vegna útlánaáhættu, þ.e. lánshæfi fyrirtækisins/lögaðilans. Breyting á virði verður að vera til að verja áhættunnar. Segjum að aðili sé með erlent skuldabréf. Þá er hann ekki að verja sig gegn gengi félagsins sjálfs heldur gengi gjaldmiðils sem fyrirtækið starfar með.
- Hlutfall áhættuvarnarinnar af áhættuvarnartengslunum (e. hedging relationship) ætti að vera það sama og það sem er í raun notað í efnahagslegri áhættuvörn (e. economic hedge). Ef aðili er með skuldabréf sem er tveggja milljóna virði og vill verja það gegn áhættu, ætti sá ekki að taka afleiðu út sem er fjögurra milljóna virði, vegna þess að þá er verið að van- eða ofáhættuverja (e. over or under hedge). Það er oft ekki hægt að láta upphæðirnar vera nákvæmlega þær sömu en þær þurfa að samræmast upphæðinni (International Accounting Standards Board, 2014).

### 3.3.3 Endurskipulagning og stöðvun

Inn í staðlinum eru settar fram kröfur um það hvenær og hvernig á að endurskipuleggja (e. rebalancing) áhættuvarnartengslin og hvenær á að stöðva (e. discontinuation) þau alveg. Eftir fyrstu tilkynningu þarf að endurskipuleggja áhættuvarnartengslin einsog sýnt er á mynd 4 hér fyrir neðan.



Mynd 4 Hvenær á að endurskipuleggja og stöðva áhættuvarnartengsl? (Ernst & Young, 2011)

Það á að endurskipuleggja áhættuvarnartengsl ef þau mæta ekki lengur kröfum um skilvirkni áhættuvarnarreikningsskila varðandi áhættuvarnarhlutfallið (e. hedge ratio) en markmið áhættustjórnunar fyrir þessi tilteknu áhættuvarnartengsl haldast þau sömu. Þá getur aðili leiðrétt áhættuvarnarhlutfallið þannig að það uppfylli aftur kröfur um skilvirkni (International Accounting Standards Board, 2014).

Aðili stöðvar áhættuvarnarreikningsskilum framvirkt (e. prospectively), þ.e. um ókomna framtíð, einungis þegar áhættuvarnartengslin (eða hluti þeirra) nær ekki lengur að uppfylla kröfurnar um skilvirkni eftir að búið er að endurskipuleggja áhættuvarnartengslin. Þetta felur í sér ef áhættuvörnin rennur út (e. expires) eða er seld, henni er sagt upp eða hún nýtt (e. exercised). Þegar áhættuvarnarreikningsskil eru stöðvuð getur það haft áhrif á áhættuvarnartengslin í heild sinni eða aðeins hluta þeirra. Í þeim tilvikum sem að stöðvun áhættuvarnarreikningsskila hefur einungis áhrif á hluta

áhættuvarnartengslanna, halda áhættuvarnarreikningsskilin áfram til enda áhættuvarnartengslanna (International Accounting Standards Board, 2014).

### **3.4 Innleiðing IFRS 9**

Samkvæmt samþykki reglugerðar nr. 181/2006 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, hafa ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002 lagalegt gildi hér á landi (Deloitte, 2015).

Innleiðingu IFRS 9 hér á landi er ekki lokið en áætlað er að staðallinn muni vera innleiddur hér í samræmi við innleiðingu Evrópusambandsins á staðlinum. Búist er við því að Evrópusambandið samþykki staðalinn að fullu í seinni hluta ársins 2016. Samkvæmt IAS tilskipun Evrópusambandsins þarf að innleiða IFRS í hverju aðildarlandi fyrir sig. Í lok apríl 2015 er IFRS 9 en á þeim lista yfir IFRS staðla sem Evrópusambandið hefur ekki samþykkt. IFRS 9 mun því taka gildi á Íslandi að öllum líkindum þann 1. janúar 2018 svo lengi sem Evrópusambandið muni samþykkja og innleiða staðalinn og hann innleiddur þar af leiðandi í íslensk lög (Deloitte, 2015).

## 4 Umræðukafli

Afleiður eru helstu áhættuvarnir fyrirtækja. Þær spila því stórt hlutverk í áhættuvarnarreikningsskilum, eins og fjallað var um hér á undan. Mikilvægt er því fyrir fjármálafyrirtæki að skilja hvernig þær virka og hvernig þær tengjast eignum fyrirtækisins. Þar sem áhættuvarnir geta sýnst mjög áhættusamar einar og sér í reikningsskilum fjármálafyrirtækis getur verið gagnlegt fyrir það að notast við áhættuvarnarreikningsskil, til að sýna áhrif þessara varna á eignina sem hún er hönnuð til að verja. Með innleiðingu IFRS 9, eins og áður er vikið að, er fyrirtækjum gert auðveldara fyrir að notast við áhættuvarnarreikningsskil, sem sýna áhrif afleiðunnar á eignina sem á að verja.

Eins og fjallað var um í kafla 3.2 þá er virðisrýrnunarhluti staðalsins breyttur á þá leið að nú þarf að gera ráð fyrir væntanlegri virðisrýrnun fjármálagerna. Höfundur telur þetta vera góð breytingu til að hindra þann möguleika fjármálafyrirtækja að seinka um of viðurkenningu útlánstaps. Um leið eykst réttmæti reikningsskila fjármálafyrirtækja. Hins vegar er fjallað um að þessar breytingar geri fjármálafyrirtækjum erfitt fyrir og séu of tímafrekar, þar sem þetta leiðir af sér flókna reikninga til að finna hvert væntanlegt tap fjármálagerna er. Líklegt er að sveiflur í niðurfærslu muni aukast þar sem fjármálafyrirtæki þurfi að horfa til framtíðar hvað varðar mat á virðisrýrnun. Þau vita ekki fyrir víst hvert raunverulegt tap þeirra verður. Líklegt er að aukning verður í niðurfærslum og eigið fé fjármálafyrirtækja muni því dragast saman. Höfundur telur því að þessi hluti staðalsins sé meira til að þóknast kröfuhöfum fyrirtækis, þ.e. verja þau gegn ófyrirséðu gjaldfalli. Þó mun líklega vera erfiðara að bera fyrirtæki saman vegna sveiflna á niðurfærslu virðisrýrnunar. Kjarninn í röksemdarfærslu höfundar er þó sá að fleiri upplýsingar á markaði séu ávallt af hinu góða og geri markaðinn gagnsærri.

Samkvæmt Ernst & Young (2013) er ekki búist við að áhættuvarnarlíkanið hafi veruleg áhrif. Eins og kom fram í kafla 3.3 um áhættuvarnarreikningsskil er sá hluti staðalsins enn valkvæður, eins og var í IAS 39. Mavhiki (2014) telur þó afleiðuviðskipti munu aukast með innleiðingu staðalsins. Höfundur er sammála þeirri hugmynd og telur að með honum muni notkun áhættuvarna fyrirtækja aukast þar sem auðveldra er að sýna afleiðingar þeirra á reikningsskil. Eins og farið var yfir hér áður í þessari ritgerð þá er tilgangur

áhættuvarnar að minnka áhættu eignar. Með nýja staðlinum er verið að gera fyrirtækjum og öðrum lögaðilum kleift að sýna fram á það í stað þess að auka áhættu fyrirtækis. Með aukinni notkun áhættuvarna telur höfundur að áhætta á markaði muni minnka. Þetta segir hann þar sem hann telur að aukin vörn gegn áhættu hjá fyrirtækjum muni minnka líkur á gjaldþroti og auka því kjölfestu. Þetta gerir markaðinn stöðugan og um leið færri keðjuverkandi áhrif sem gætu leitt til annars hruns. Hins vegar má þó ekki gleyma að við afleiðusamninga standa ætíð tveir, einn sem tekur langa stöðu og annar sem tekur stutta. Hrein fjármagnstaða er því ávallt sú sama, en munurinn væri líklegast að sá sem tekur afstöðu á móti fyrirtækinu, gæti verið að verja aðra eign eða vera standa í spákaupmennskuviðskiptum.

Höfundur finnst þessi staðall því gefa góða mynd hvernig hægt er að aðstoða eigendur fyrirtækja að verja eignir sínar betur og geta sýnt fram á það í reikningsskilum. Jafnframt að vernda kröfu aðra hagsmunaðila gegn því að fyrirtækið sýni ranga mynd af stöðu sinni eins og raunin var í kringum bankahrunið 2008. Niðurstaða er því sú að höfundur telur það líklegt að með innleiðingu IFRS 9 mun áhætta á markaði minnka með aukinni niðurfærslu virðisrýrnunar, þó hún verði sveiflukenndari, og með aukningu í notkun afleiðna sem áhættuvörn hjá fyrirtækjum.

## 5 Lokaorð

Með þessari ritgerð ber höfundur þá ósk í brjósti að lesendur séu betur upplýstir um afleiður og notkun þeirra til áhættuvarnar, eins og þær uppfærast miðað við nýja staðalinn IFRS 9, að því gefnu að hann verði innleiddur að fullu. Eftir innleiðingu verður fyrst hægt að sjá hver raunveruleg áhrif hans muni vera. Við verðum því að bíða þolinmóð þar til stundin rennur upp.

Eins og kemur hefur fram í þessari ritgerð þá er ekki ennþá búið að innleiða IFRS 9 og því er ekki hægt að segja fyrir víst hverjar afleiðingar þessa staðals verði. Líta má á hann sem fyrirbyggjandi aðgerð til að minnka áhættu og skapa festu í fjármálum. Engin þjóð vill þurfa að horfast í augu við brotalöm í efnahagskerfinu, hvað þá þegar byggja þarf efnahag frá grunni líkt og varð á sínum tíma. Þegar fram líða stundir verður fróðlegt að sjá hvað innleiðing staðalsins ber í skauti sér. Þetta varðar gagnsemi hans og kjölfestu, hvort nýi staðallinn geti komið í veg fyrir annað hrun og þá holskeflu í efnahagslífinu sem raunin varð á árið 2008.

Höfundur vonar að lesendur séu fróðari um áhættuvarnarreiknisstil ekki síður en nytsemi afleiðuviðskipta eftir lestur ritgerðarinnar. Frekari rannsókna verður síðan þörf þegar staðallinn hefur verið innleiddur.

## Heimildaskrá

- Björgvin G. Sigurðsson. (2008, 10. apríl). *Ávarp á SFF deginum 2008*. Sótt 30. apríl 2016 af: <https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/radherra/raedurBGS/nr/3883>
- Bodie, Z., Kane, A. og Marcus, A. J. (2011). *Investments and Portfolio Management* (9. Útgáfa). Singapore: McGraw-Hill/Irwin.
- Deloitte. (2015). *IFRS - Alþjóðlegir reikningskilastaðar - Samantekt 2015*. Sótt 30. apríl 2016 af: <https://www2.deloitte.com/content/dam/Deloitte/is/Documents/audit/ifrs-in-your-pockets/IFRS%20in%20your%20pocket%202015.pdf>
- Ernst & Young. (2015). *IFRS 9 Financial Instruments*. Sótt 30. apríl 2016 af: [http://www.ey.com/publication/vwluassets/ey-ifrs-9-financial-instruments/\\$file/ey-ifrs-9-financial-instruments.pdf](http://www.ey.com/publication/vwluassets/ey-ifrs-9-financial-instruments/$file/ey-ifrs-9-financial-instruments.pdf)
- Ernst & Young. (2011). *Hedge accounting under IFRS 9 – a closer look at the changes and challenges*. Sótt 3. maí 2016 af: [http://www.ey.com/Publication/vwLUAssets/Hedge\\_accounting\\_under\\_IFRS\\_9\\_-\\_a\\_closer\\_look\\_at\\_the\\_changes\\_and\\_challenges/\\$FILE/Hedge\\_accounting\\_under\\_IFRS\\_9\\_GL\\_IFRS.pdf](http://www.ey.com/Publication/vwLUAssets/Hedge_accounting_under_IFRS_9_-_a_closer_look_at_the_changes_and_challenges/$FILE/Hedge_accounting_under_IFRS_9_GL_IFRS.pdf)
- Fabozzi, F.J., Modigliani, F. og Jones F. J. (2014). *Foundations of Financial Markets and Institutions* (4. Útgáfa). London: Person Education Limited.
- Fjármálaeftirlitið. (2008, september 18). *Frétt frá Fjármálaeftirlitinu*. Sótt 2. febrúar 2016 af <http://www.fme.is/utgefing-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/nr/411>
- Guðni Th. Jóhannesson. (2009). *Hrunið*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Hull, J.C. (2015). *Options, Futures, and other Derivatives* (9. Útgáfa). Totonto: Person Education.
- IFRS Foundation. (e.d.). *IFRS 9 Financial Instruments (replacement of IAS 39)*. Sótt 31. mars 2016 af: <http://www.ifrs.org/current-projects/iasb-projects/financial-instruments-a-replacement-of-ias-39-financial-instruments-recognition/Pages/Financial-Instruments-Replacement-of-IAS-39.aspx>
- IFRS Foundation. (Júlí, 2014). *IFRS 9 Financial Instruments*. Sótt 28. mars 2016 af: <http://www.ifrs.org/current-projects/iasb-projects/financial-instruments-a-replacement-of-ias-39-financial-instruments-recognition/documents/ifrs-9-project-summary-july-2014.pdf>
- IFRS Foundation. (Nóvember, 2013). *IFRS 9 Financial Instruments (Hedge Accounting and amendments to IFRS 9, IFRS 7 and IAS 39)*. Sótt 28. mars 2016 af:



<http://www.ifrs.org/Current-Projects/IASB-Projects/Financial-Instruments-A-Replacement-of-IAS-39-Financial-Instruments-Recognitio/Phase-III-Hedge-accounting/Documents/IFRS-9-FI-Project-Summary-November-2013.pdf>

International Accounting Standards Board. (IASB). (2014). *International Financial Reporting Standard 9 - Financial Instruments*. London: International Accounting Standards Board

KPMG International. (apríl, 2005). *Alþjóðlegir reikningskilastaðlar IFRS/IAS – Samantektir*. Reykjavík: Höfundur.

Larosiére, J. D. (2009, 25. febrúar). *The high-level group on financial supervision in the EU*. Brussel: Commission of the European communities. Sótt 3. maí 2016 af: [http://ec.europa.eu/internal\\_market/finances/docs/de\\_larosiere\\_report\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/internal_market/finances/docs/de_larosiere_report_en.pdf)

Lög um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, og á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum nr. 99/2000

Magnús Guðmundsson. (2015, nóvember). *Áhrif IFRS 9 á afkomu og efnahag íslenskra banka. Mat á áhrifum þess að virðisrýrnun fjáreigna á afskrifuðu kostnaðarverði verður byggð á væntu útlánatapi í stað orðins útlánataps*. Birt MS-ritgerð: Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild.

Mavhiki, R. (2014, júlí). Hedge Accounting under IFRS 9 – Friend or foe? *Accountancy SA*, , 22-23. Sótt 30. apríl 2016 af: <http://search.proquest.com/docview/1545047986?accountid=27512>

Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson (ritstjórar). (2010). *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. (2. bindi) Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis.

PwC. (2014a). IFRS 9 – Classification and measurement. *In depth: A look at current financial reporting issues*. Sótt 1. apríl 2016 af: <http://www.pwc.com/us/en/cfodirect/assets/pdf/in-depth/us2014-05-ifs-9-classification-measurement.pdf>

PwC. (2014b). IFRS 9 – Expected credit losses. *In depth: A look at current financial reporting issues*. Sótt 1. apríl 2016 af: <http://www.pwc.com/us/en/cfodirect/assets/pdf/in-depth/us2014-06-ifs-9-expected-credit-losses.pdf>

*Webster's ninth new collegiate dictionary*. (1991). Mish F.C. (ritstjóri). Massachusetts: Merriam-Webster inc.